

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 138/1111**  
**komudagur 15.2.2010**

**From:** Kolbrún Jónsdóttir [mailto:kolbrun@logmannastofa.is]  
**Sent:** 15. febrúar 2010 10:36  
**To:** Elín Valdís Þorsteinsdóttir  
**Subject:** FW: Varðar frumvarp um áframhaldandi frestun uppboða

*Sæl.*

*Ég sá fyrir helgi að enn er verið að velta fyrir sér að framlengja frest á uppboðum.*

*Mig langar því að biðja þig að koma þessu erindi mínu á framsæri við þá sem málið varðar eins fljótt og kostur er.*

*Það má bæta því við að nokkur húsfélög sem við erum að starfa fyrir eru um það bil að verða gjaldþrota vegna síendurtekinna fresta á uppboðum þar sem aðilar skulda milljónir vegna viðhalds sem löngu er búið að framkvæma. Þetta sama fólk (í alla vega nokkrum tilvikum) er flutt úr húsunum og út á land, leigir út íbúðirnar en flytur lögheimili sitt í þær aftur rétt á meðan það er að sækja um frest á uppboði.*

*Að mínu mati þarf að skoða allar hliðar þessara mála mjög vel áður en frekari frestir eru veittir.*

*Með vinsemd og virðingu*

*Kolbrún Jónsdóttir*

***Með kveðju / With regards***  
***Kolbrún Jónsdóttir***

---

***G. Jónsson & Partners ehf.***  
***Lögmannastofa Ásgeirs Björnssonar hdl.***  
***Borgartúni 33, 105 Reykjavík***  
***Telephone/Sími 00354-5629888***  
***Telafax/Fax 00354-5617266***  
***E-mail address/Netfang: kolbrun@logmannastofa.is***

**From:** Kolbrún Jónsdóttir [mailto:kolbrun@logmannastofa.is]  
**Sent:** 6. nóvember 2009 10:37  
**To:** 'elinvaldis@althingi.is'  
**Subject:** Varðar frumvarp um áframhaldandi frestun uppboða

*Góðan daginn*

*Mig langar að koma á framfæri athugasemdum við ofangreint frumvarp. Ég veit að ég tala fyrir munn margra íbúa í fjöleignarhúsum.*

*Þannig er mál með vexti að undanfarin 20 ár höfum við sinnt löginnheimtum fyrir Húsfélög og hefur það gengið mjög vel.*

*Það vill þannig að til Húsfélög eru ekki annað en samtök fólks (einstaklinga) sem býr í fjölbýlishúsum og skv. lögum hafa með sér félag um rekstur fasteignarinnar m.a. rafmagn, hita, þrif, framkvæmdir o.fl.*

*Alltaf hefur það borið við að einhverjir standa ekki í skilum með gjöld í hússjóð og hefst þá innheimtuferli sem í einhverjum tilfellum endar með uppboði. Á bak við þessa kröfuhafa eru einstaklingar, þ.e. aðrir íbúðaeigendur í húsinu, sem eiga fullt í fangi með að ná endum saman þótt þeir þurfi ekki að reka hluta heimilis fyrir aðra í húsinu.*

*Ég vil því koma á framfæri þeirri tillögu að til þess að fólk geti fengið áframhaldandi frestun á uppboði þurfi skuldirnar sem uppboðið er tilkomið út af eingöngu að vera við fjármálastofnanir og aðrar opinberar stofnanir eins og sveitarfélög, tryggingafélag o.s.frv. en að menn þurfi að vera í skilum við Húsfélagið og aðra einstaklinga.*

*Vænti viðbragða við erindinu.*

*Með vinsemd og virðingu.*

*Kolbrún Jónsdóttir*

***Með kveðju / With regards  
Kolbrún Jónsdóttir***

---

***G. Jónsson & Partners ehf.  
Lögmannastofa Ásgeirs Björnssonar hdl.  
Borgartúni 33, 105 Reykjavík  
Telephone/Sími 00354-5629888  
Telafax/Fax 00354-5617266  
E-mail address/Netfang: [kolbrun@logmannastofa.is](mailto:kolbrun@logmannastofa.is)***